



2. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 17. apríl 2023 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrði fundi, Birna Lárusdóttir (BL) varaformaður, Lárus Blöndal (LB) annar varaformaður, Ágúst Angantýsson (ÁÁ), Einar Hannesson (EH) og Jón Bender (JB).

Heiðrún Kristmundsdóttir (HK) var með í gegnum fjarfundarbúnað.

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn, Snorri Örn Arnaldsson (SÖA) mótastjóri sat fundinn undir dagskrárlið 2.

Forföll boðuðu; Guðrún Krismundsdóttir (GK) og Herbert Arnarson (HA).

GNE og HSJ rituðu fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar rædd og þær athugasemdir sem komu fram teknar til greina og lagfærðar. Fundargerð verður sett á kki.is.

2. Mótamál

SÖA mótastjóri mætti á fundinn. Fór yfir keppnisdagatal næsta tímabils og útskýrði ýmis atriði þar. Samkvæmt reglugerð þarf að gefa út dagatalið í síðasta lagi 30. apríl. Góðar umræður um keppnisdagatalið og vinnu skrifstofu við mótahaldið. Farið var yfir smávægilegar lagfæringar sem SÖA telur að stjórn þurfi að gera á reglugerð um körfuknattleiksmót fyrir næsta tímabil, verða þær breytingar teknar fyrir á næsta fundi stjórnar.

GNE fór yfir verðlaunaafhendingar sem framundan eru.

3. Vinnulag stjórnar, skrifstofu KKÍ og starf fastanefnda

Ákveðið að hafa stjórnarfundir fyrsta mánudag í hverjum mánuði kl. 17:00. GNE fór almennt yfir vinnu stjórnar og hvernig hin ýmsu mál eru unninn. Umæður um starf stjórnar.

Rætt um frekari skilgreiningu á störfum formanns og framkvæmdastjóra en hlutverk og starfslýsing formanns og framkvæmdastjóra er í lögum sambandsins. Framkvæmdastjóri er einnig með starfslýsingu eins og aðrir starfsmenn á skrifstofu.

Fastanefndir starfa samkvæmt lögum sambandsins og reglugerðum, reynt er eftir fremsta megni að formenn nefnda séu stjórnarmenn þannig að góð tenging sé á milli nefnda og stjórnar. Nefndir taka mál fyrir og vinna áfram ásamt starfsmönnum á skrifstofu þannig að mál sem nefndir leggja fyrir stjórn eru búin að fá töluverða umræðu og vinnu.

HSJ fór yfir daglegt starf og rekstur skrifstofu.

4. Samskipti við ÍSÍ, ríkisvaldið og FIBA

GNE fór yfir hvernig samskiptum væri háttað og hverjir sæju um þau á vegum KKÍ við ÍSÍ, ríkisvaldið, aðila innan FIBA, Norðurlöndin og fleiri á alþjóðlegum vettvangi. Framkvæmdastjóri og skrifstofa eru í daglegu samskiptunum en formaður tekur þátt ásamt framkvæmdastjóra í ýmsum fundum og öðrum samskiptum.

5. Málefni KKÍ og KKDÍ

Rætt um stöðuna í samningamálum við KKDÍ og farið yfir forsöguna í málinu. Enginn fulltrúi félags hefur boðist til að koma í saminganefnd en ýtt verður við því í vikunni.

6. Kostnaður við yngri landslið og átakið „Þinn styrkur - þeirra styrkur“

Farið yfir heildarkostnað við yngri landsliðsstarfið á þessu ári sem verður um 80 milljónir og af því þurfa leikmenn og fjölskyldur þeirra að greiða 45-50 milljónir í ferða- og fæðiskostnað, KKÍ þarf að fjármagna 30-35 milljónir. Leikmaður sem fer bæði á NM og EM þarf að greiða í kringum 600.000 í ferða- og fæðiskostnað fyrir sínar tvær ferðir. Á næstu dögum verður farið í almennt átak og auglýsingar til að styðja við bakið á yngri landsliðsmönnum okkar með það í huga að lækka hlut þeirra í beinum greiðslum töluvert. Við munum kalla átakið „Þinn styrkur - þeirra styrkur“. Umræður um stöðuna.

Fundarliðum 7, 8 og 9 var frestað til næsta fundar.

7. 55. Körfuknattleiksping, ákvarðanir til stjórnar

- framtíðarsýn
- leyfiskerfi
- reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd
- nafn á eldri yngri flokka

8. Skipan fastanefnda

9. Önnur mál

Næsti fundur mánudaginn 8. maí kl.17:00.

Fundi slitið 19:54